



Stjórn SSH 355. fundur

Þriðjudaginn 19. október 2010 kl.12:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuð-borgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur R. Árnason, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Másson, Dagur B. Eggertsson og Guðný G. Ívarsdóttir.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð. Ennfremur sat fundinn Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

Þetta gerðist:

1. Jöfnunarsjóður – breyttar útlutunarreglur

Farið var yfir upplýsingar sem fram komu á aðalfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um áhrif fyrirbyggjandi tillagna um breyttar útlutunarreglur sjóðsins á aðildarsveitarfélög SSH. Þessar reglur munu, skv. fyrirbyggjandi gögnum, leiða til um 230 - 240 m. króna lækkun framlags til aðildarsveitarfélaga SSH samanborið við óbreytt fyrirkomulag.

Niðurstaða:

Samþykkt að afla frekari gagna um málið og fá formann nefndar um heildarendurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á næsta fund stjórnar til yfirferðar og útskýringa .

2. Fjárhagsáætlanir aðildarsveitarfélaganna 2011.

Rætt um fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2011. Farið var yfir reynslu af samtarfi við gerð fjárhagsáætlana sl. 2 ár, stöðu og horfur vegna áætlana fyrir næsta ár, og rætt um mögulegt áframhaldandi samstarf á vettvangi SSH við mótun og samræmingu nauðsynlegra aðgerða v. fjárhagsáætlana fyrir komandi ár.

Birgir Björn Sigurjónsson fór ítarlega yfir allar meginforsendur sem liggja til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða:

Samþykkt að halda áfram samstarfi við gerð fjárhagsáætlana og kalla til samráðsfunda forstöðumanna velferðarmála, fræðslu- og uppeldismála, æskulýðs- og íþróttamála og menningarmála.

Ennfremur var samþykkt að stjórn sendi frá sér sérstaka fréttatilkynningu vegna þeirrar stöðu sem sveitarfélögin þurfa að vinna úr við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50